

89
18. júlí

skoðunargjörð og virðingargjörð, að hún sje vel af hendi leyst í alla staði, og að verðmunurinn á hinum þannig umbættu húsum og húsum þeim, sem presturinn auk þessa á að skila af sjer, nemi að minnsta kosti lánsupphæðinni.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

90
24. júlí

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um lögskráning vinnumanna skipseigenda. — Út af fyrirspurn yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m. um það, hvort einnig beri að nota viðskiptabækur farmanna og skigshafnarskrár, þar sem maðurinn, er skipið á, notar á það menn, sem eru ráðnir ársmenn hjá honum, og skipið aðeins fer smáferðir milli fjarða, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, yður til leiðbeiningar, að með því að sú skylda, að láta lögskrá skipshöfn, hvílir ekki á skipseiganda sem slikum, heldur á hverjum þeim skipstjóra, sem ræður menn á skip með sjer hjer á landi, og lögin aðeins fyrirskipa, að skipstjóri fái skipverjum viðskiptabækur, þegar hann ræður þá á skip með sjer og gjörir við þá vistráðasamning, þá leiðir af þessu, að ef skipseigandi notar *eingöngu* ráðna ársvinnumenn sína til að fara með sjer smáferðir á skipi milli fjarða, svo að alls engin sjerstök vistráð af hálfu skipstjóra fara fram til ferðanna, og engir sjerstakir samningar eru gjörðir þar að lútandi, er veiti vinnumönnum rjettindi fram yfir hinn almenna vistersamning, þá getur ekki komið til neinnar lögskráningar eða nein ástæða verið til að fá vinnumönnum sjerstakar viðskiptabækur, enda geta þeir naumast talizt sjómenn eða farmenn, þó að þeim meðal annara verka sje fengin slík vinna, sem að ofan ræðir um.

91
29. júlí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um flutning á þingstað Vallahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2. maí þ. á., hafði þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, ásamt ágrípsendurríti af fundargjörðum sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu 12. marz þ. á., þar sem farið er fram á, að þingstaður hreppsins megi flytjast frá Völlum að Tungufelli, og að hreppurinn nefnist eptirleiðis Svarfaldardalshreppur, þegar breytingin er komin í kring, og hafði þjer lagt það til, að hið umbeðna leyfi verði veitt.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á tillögu yðar í þessu efni, og ber hreppsnefndinni að sjá um, að jafnan sje sémilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

92
30. júlí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um borgun fyrir uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga. — Þjer hafði, herra amtmaður, með þóknanlegu brjefi, dags. 14. maí þ. á., sent mjer fyrirspurn hreppstjórans í Glæsibæjarhreppi um það, hvort hreppstjórar sjeu skyldir til að halda uppboð á eptirlátnum munum sveitarómaga endurgjaldslaust, er sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu með skírskotun til kancellibrjefs 14. desbr. 1841 hefur greitt jákvæði við, að því viðbættu, að hreppsnefndirnar sjálfar geti haldið uppboð þessi, og hafði þjer tekið fram, að eptir yðar álit